# Alþjóðleg hönnun og íslenskar ljósmyndir

TVÆR sýningar verða opnaðar á Kjarvalsstöðum í dag, fimmtudag, kl. 20. Þetta eru sýning á alþjóðlegri hönnun eftir þá Jasper Morrison, Marc Newson og Michael Young og myndum íslenska ljósmyndarans Spessa.

Hönnuðirnir eru á meðal hinna fremstu á alþjóðavettvangi á sviði hönnunar. Verk þeirra eru kynnt í öllum helstu hönnunarritum samtímans, og listinn yfir þau fyrirtæki sem þeir starfa fyrir er nær samhljóða skrá yfir virtustu hönnunarfyrirtæki heims, segir í fréttatilkynningu.

Ennfremur segir að Lundúnir séu hlekkur sem tengir verk þeirra saman, ýmist hafi þeir lært eða búið í borginni.

Marc Newson hóf rekstur hönnunarfyrirtækis í París en flutti reksturinn til Lundúna haustið 1997. Ferill hans, verk og vinnulag endurspegla vel þá hnattvæðingu menningar og efnahagslífs sem hefur átt sér stað á síðari hluta 20. aldar. Hann fæddist í Sydney í Ástralíu og stundaði þar gullsmíðanám en sneri sér að húsgagnahönnun á síðasta skólaári sínu. Viðfangsefni Newsons eru alþjóðleg og verk hans bera glöggt vitni um myndheim samtímans, allt frá sportbílum og flugvélum til geimferða og vísindaskáldsagna.

Jasper Morrison hefur rekið hönnunarstofu í Lundúnum frá því að hann útskrifaðist frá Konunglegu listakademíunni árið 1986. Líkt og Newson notar hann nú aðstöðu sína í Lundúnum sem miðstöð til starfa fyrir stóran hóp alþjóðlegra viðskiptavina, meðal annars Alessi, Flos og Cappellini á Ítalíu og Authentics og Hannover í Þýskalandi, en fyrir hana hannaði hann sporvagn sem vakið hefur athygli.

Eftir að Michael Young lauk nám í Lundúnum árið 1992 vann hann um tíma á verkstæði Toms Dixons, en árið 1995 setti hann þar á fót eigin hönnunarstofu. Verk hans eru í augljósum tengslum við Lundúnalífið, í takti við lifnaðarhætti ungs fólks og þann endurvakta áhuga á módernistahreyfingunni sem undanfarið hefur gengið yfir (ágæt dæmi eru lífsstíll vinsælla hljómsveita eins og Oasis og Pulp). Metnaður til að hanna hluti sem hægt er að fjöldaframleiða á viðráðanlegu verði án þess að slakað sé á gæðakröfum eða hönnunarhugmyndum hefur ætíð verið mikilvægur þáttur í verkum Michaels Youngs.

Þeir félagar hafa ekki sýnt saman áður, en kveikjuna að sýningunni á Kjarvalsstöðum má rekja til þess að Michael Young fluttist til Íslands á síðasta ári og hyggst reka alþjóðlegt hönnunarfyrirtæki sitt hér á landi.

### Ljósmyndaröð Spessa

Ljósmyndarinn Spessi (Sigurþór Hallbjörnsson) hefur á undanförnum árum vakið athygli fyrir myndir sínar af hetjum hversdagsins. Verk hans bera sterk stíleinkenni einfaldleika og gæla á sérstæðan hátt við hversdagslega sýn.

Á sýningunni gefur að líta myndaröðina Bensín, en hún er myndræn afurð ferðalags ljósmyndarans og sýnir íslenskar bensínstöðvar frá ýmsum tímum. Myndirnar lýsa afstæðum og mótsagnakenndum fegurðarsjónarmiðum sem endurspeglast í þessum alþjóðlegu fyrirbærum og menningarlegri einangrlun þeirra í íslensku landslagi, jafnt í sveit sem borg.

Spessi stundaði nám í ljósmyndun í Hollandi, en hefur síðan haldið einkasýningar bæði á Íslandi og í Hollandi, auk þess sem hann hefur vakið athygli með verkum sínum og fengið viðurkenningar á ýmsum samsýningum undanfarin ár. Hann rekur eigin vinnustofu og fæst við *iðnaðarljósmyndun jafnframt því* sem hann vinnur við eigin listsköpun.

Safnið fylgir báðum sýningunum úr hlaði með veglegum sýningarskrám. Hönnunarsýningunni fylgir sýningarskrá með greinum eftir Marcus Field ritstjóra *Blueprint*, alþjóðlegs tímarits um byggingarlist, hönnun og menningu samtímans og Guðmund Odd Magnússon deildarstjóra í grafískri hönnun við Myndlista- og handíðaskóla Íslands.



Morgunblaðið/Porkell

**ENSKU hönnuðirnir Jasper Morrison, Marc Newson og Michael Young sýna verk sín á Kjarvalsstöðum en allir eiga þeir það sameiginlegt að tengjast London á einn eða annan hátt.**



**SPESSI sýnir myndir af íslenskum bensínstöðvum frá ýmsum tímum á sýningu sinni á Kjarvalsstöðum.**

Myndum Spessa eru gerð skil í litprentaðri bók með greinum eftir Jón Proppé og Dominique Nahsam sem báðir eru listgagnrýnendur.

Mánudaginn 22. mars fjallar Michael Young um verk sín á fyrirlestri sem haldinn verður á Kjarvalsstöðum og hefst kl. 20.

Sýningarnar standa til 24. maí eins og sýningin Af trönum meistarans sem stendur í austursal Kjarvalsstaða, en þar eru sýnd verk Kjarvals frá árunum 1946–1972. Opið er á Kjarvalsstöðum alla daga kl. 10–18, alla sunnudaga kl. 16 er leiðsögn um sýningarnar.


Nautilus líkamsræktarstöðvar í Hafnarfirði og Kópavogi

Tilboð sem þú getur ekki hafnað - heilsunnar vegna!



**Ný Nautilus** líkamsræktarstöð hefur verið opnuð í kjallara **Suðurbæjarlaugarinnar í Hafnarfirði**.
Þar leiðbeina faglærðir kennarar hverjum einstaklingi um þjálfun í nýjustu og fullkomnustu **Nautilus** tækjunum.

Í tilefni opnunarinnar býður **Nautilus** einstakt tilboð; árskort á

**14.990 kr.** (1.249 kr. á mánuði)

Innifalið er aðgangur að sundlauginni hvenær sem hún er opin. Tilboðið gildir einnig fyrir **Nautilus líkamsræktarstöðina** í **Sundlaug Kópavogs**.
Korthafar geta notað báðar stöðvarnar en hafa aðgang að sundi í þeirri laug sem þeir kaupa kortið í.

*Ath. tilboðið stendur aðeins til og með 21. mars.*

Nautilus á Íslandi
Suðurbæjarlaug Hafnarfirði og Sundlaug Kópavogs

argus / NA012





Dagskráin þín er komin út

17.–30. mars




Morgunblaðið dagskrá
í allri sinni mynd!